



Mættir:

**Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS),
Birgir Már Bragason (BMB), Jónína Steinunn Helgadóttir (JH) og Sveinbjörg Sigurðardóttir (SS).
Fjarverandi: Þórður Magni Kjartansson (PMK) Eva Björk Sveinsdóttir (ES)**

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá UMFÍ, boð á formann Keflavíkur um að vera viðstaddur setningu 22. Unglingalandsmóts UMFÍ Höfn í Hornafirði. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Guðmundi K Sæmundssyni, sem er að bjóða til sölu tvær bækur um siðfræði í íþróttum.

Móttekið og áframsent á stjórnarmenn deilda.

Afrit af bréfi knattspyrnudeildar til íþróttá- og tómsundaráðs Reykjanesbæjar vegna ósk um aukningu á æfingatímum yfir vetramánuðina. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ svarbréf stjórnar UMFÍ vegna ósk Keflavíkur um skýringar á úthlutun úr fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. **Móttekið. Aðalstjórn er ekki sátt við svarið.**

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir deilda.

Bréf sent á íþróttá- og tómsundaráð Reykjanesbæjar fyrir hönd knattspyrnudeildar Keflavíkur vegna ósk um aukningu á æfingatímum yfir vetramánuðina.

4. 90 ára afmæli Keflavíkur

90 ára afmæli Keflavíkur er 29. september. Ýmsum hugmyndum varpað fram. Ákveðið að boða til fundar í næstu viku með fulltrúum deilda en þær hafa skilað inn sínum fulltrúa. JH, SS og EH verða fulltrúar aðalstjórnar á þessum fundi. **Framkvæmdastjóra falið að boða til fundarins.**

5. Framtíðar íþróttasvæði RNB

EH var boðaður á íþróttá- og tómsundaráðsfund Reykjanesbæjar þar sem verið var að kynna framtíðarsýn í uppbyggingum íþróttamannvirkja sem Capacent hafði unnið fyrir Reykjanesbæ. EH, Sigurður Garðarsson formaður knattspyrnudeildar og Ingvi Hákonar formaður körfuknattleiksdeildar voru boðaðir á fund með Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra þar sem hann var að óska eftir skoðun þeirra á framtíðarsýnin íþróttamannvirkja í Reykjanesbæ byggt á skýrslu Capacent. Bæjarstjóri lagði það til að fulltrúar Keflavíkur og Njarðvíkur myndu hittast á fundi og ræða saman um tillögur að íþróttamannvirkjum í Reykjanesbæ. Fundur var svo haldinn miðvikudaginn 21. ágúst sem Snædís Helgadóttir frá Capacent stýrði. Á fundinn mættu frá Keflavík EH, Sigurður Garðarsson formaður knattspyrnudeildar og Ingvi Hákonarson formaður körfuknattleiksdeildar, frá Njarðvík Ólafur Eyjólfsson formaður aðalstjórnar, Árni Þór Ármannsson formaður knattspyrnudeildar, Jón Björn Ólafsson stjórnarmaður körfuknattleiksdeildar og Einar Árni Jóhannsson þjálfari körfuknattleiksdeildar. Nokkrar umræður urðu um málið og BMB sagði frá hvernig þetta gekk fyrir sig innan íþróttá- og tómsundaráðs.

6. Hringbraut 108

EH sagði frá því að staðan á Hringbraut 108 er sú að það á en eftir að ganga frá afsali á húsinu yfir á Keflavík íþróttá- og ungmennafélag.

7. Unglingalandsmót UMFÍ

ULM var haldið á Höfn í Hornafirði. Þrjátíu og þrjár skráðu sig til keppni undir merkjum Keflavíkur og kostnaður því tvö hundruð fjórutíu og sjö þúsund og fimmhundruð krónur.

8. 51. Sambandsþing UMFÍ

51. Sambandsþing UMFÍ verður haldið 11. – 13. október 2019 að Laugarbakka. Keflavík átti tíu þingfulltrúa á síðasta þingi. EH hvatti stjórnarmenn til að taka frá þessa helgi og vera þingfulltrúar á þinginu.





525. Stjórnarfundur haldinn 22. ágúst 2019 kl:18:00

9. Önnur mál

EH skrifaði undir samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um að starfrækja leikjanámskeið EH fól knattspyrnudeild umsjón leikjanámskeiðs og Sindri kristinn Ólafsson var yfirumsjónarmaður.

EH skrifaði undir samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir hönd Reykjanesbæjar um að símalausa námskeiðið sem var svo í umsjón körfuknattleiksdeildar.

EH sat kynningarfundu með Sideliner og Sportablar. Verið er að bjóða félaginu áskrift að þessum forritum.

EH, KG og ÞMK fóru og skoðuðu húsnæði upp á Ásbrú sem Friðjón Einarsson vildi sýna félaginu.

Nokkrar umræður urðu um málið og skiptar skoðanir.

Pentanque Reykjavík hefur óskað eftir því að fá að kynna Pentanque íþróttina á Ljósanótt og vera með kynninguna á malarvellinginum á Hringbraut. Aðalstjórn fagnar þessari kynningu.

Stefnt að jólahlaðborði aðalstjórnar Keflavíkur 30. Nóvember á Radisson Blue (Hótel Saga).

Framkvæmdastjórnar falið að kanna málið.

Næsti fundur 5. September kl.18:00

Fundi slitið kl. 19:30.

Fundinn ritaði BS.

